

Daði Már Kristófersson,
fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2025
2501284

Efni: Erindi til fjármálaráðherra vegna styrkja fyrir sálfræðipjónustu

Erindi þessa bréfs er að óska eftir fundi með fjármálaráðherra í því skyni að fylgja eftir kröfu VR um að styrkir stéttarfélaganna til félagsfólks vegna sálfræðipjónustu verði undanþegnir tekjuskatti á sama hátt og aðrir sambærilegir styrkir.

VR hefur undanfarinn áratug barist fyrir því að skattaleg meðferð styrkja félagsins til félagsfólks vegna sálfræðipjónustu verði sambærileg og styrkja vegna líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Styrkur stéttarfélaganna til félagsfólks síns vegna endurhæfingar í formi sjúkraþjálfunar er undanþeginn tekjuskatti og það sama má segja um líkamsrækt, enda sýnt að hún hefur ríkt forvarnargildi. Hið sama á hins vegar ekki við um styrki vegna sálfræðipjónustu og sæki félagsfólk um endurgreiðslu á útlögðum sálfræðikostnaði þarf það að greiða af upphæðinni tekjuskatt. Það er mat VR að sálfræðipjónusta geti bæði talist til forvarna og endurhæfingar, eftir atvikum, ekki síður en sjúkraþjálfun og líkamsrækt. Endurhæfing hlýtur að fela í sér öll úrræði sem miða að því að styrkja fólk til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar færni í kjölfar sjúkdóma, slysa eða áfalla.

VR óskaði eftir skýringum ríkisskattstjóra á þessu misræmi árið 2015. Svör embættisins voru á þann veg að með endurhæfingu sé átt við líkamlegar meðferðir í kjölfar veikinda eða slysa sem geri fólki kleift að stunda vinnu áfram eða komast til vinnu aftur. Undir þessa skilgreiningu falli kostnaður við heilsurækt sem stunduð er á sjúkraþjálfunarstöð en ekki kostnaður vegna sálfræðipjónustu. Frá þessum tíma hefur ríkisskattstjóri skerpt á orðalagi um skattmat þannig að í dag þarf sjúkraþjálfun að vera hliðstæð annarri íþróttaiðkun.



Rannsóknir benda til að tuttugu og fimm prósent fólks á vinnumarkaði þjáist af geðheilsuvanda á hverjum tíma og enn fleiri glíma við andlegar áskoranir. Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR hækka stöðugt vegna geðrænna veikinda og mikið vantar upp á að geðþjónusta sé nægileg og aðgengileg. VR telur mikilvægt að koma í veg fyrir að fólk detti tímabundið út af vinnumarkaði með fyrirbyggjandi aðgerðum og að aðgengi félagsfólks að sálrænum stuðningi, ráðgjöf og úrræðum sem leiða til betri andlegrar heilsu sé tryggt. Almennu telur VR að sálfræðiþjónusta eigi að teljast hluti af heilbrigðisþjónustu og vera gjaldfrjáls þeim sem hennar þarfnast. En á meðan svo er ekki er sjálfsgöð krafa að launafólki sé ekki gert að greiða tekjuskatt af styrkjum vegna útlagðs kostnaðar við sálfræðiþjónustu.

Fyrir hönd VR óska ég eftir fundi með fjármálaráðherra til að fylgja úr hlaði þeirri kröfu félagsins um að styrkir stéttarféлага til félagsfólks vegna sálfræðiþjónustu verði undanþegnir tekjuskatti á sama hátt og styrkir vegna sjúkraþjálfunar.

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir,
formaður VR